

# Eystrahorn



15. tbl. 37. árgangur

Miðvikudagurinn 17. apríl 2019

www.eystrahorn.is

## Hvað er Kiwanis ?

Oft erum við spurðir hvað Kiwanis er.

Kiwanis er alheimssamtök sjálfbóaliða sem hafa það að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna. Kiwanis er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna, sem hafa áhuga á að taka virkan þátt í að bæta samfélagið, og láta gott af sér leiða. Í samstarfi fá þessir aðilar áorkað því sem einstaklingar geta ekki einir. Frjálst samstarf gerir þeim kleift að vinna að alþjóðlegum verkefnum innan hinnar alþjóðlegu hreyfingar.

Þeir vinna einnig að umbótum á landsvísu. Ekki síst vinna þeir að mannúðar- og framfaramálum sem horfa til heilla fyrir bæjarfélag þeirra, sem opinberir aðilar annað hvort vilja ekki eða geta ekki sinnt. Þannig verða þeir leiðandi aðilar í sínu byggðarlagi. Sem dæmi má nefna aðstoð við ungt fólk eða aldrað, náttúruvernd, þróun félagslegrar aðstöðu og eflingu vináttu og skilnings milli manna og þjóða. Hvert svo sem markmið Kiwanisfélaga er, þá er þeim öllum



Sigurður Einar Sigurðsson og Gunnar Gunnlaugsson taka við viðurkenningu frá umdæmisstjóra Eypóri K. Einarssyni Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar

sameiginlegur þjónustuviljinn og löngunin til að eignast góða félagan innan klúbbsins síns og Kiwanishreyfingarinnar.

Kiwanisklúbburinn Ós hefur starfað hér í sveitarfélaginu í 31 ár. Fljótlega var stofnaður styrktarsjóður til að halda utan um ágóða af verkefnum klúbbsins sem fara í styrki. Fyrsta stóra verkefni klúbbsins var að gefa leikaskólanum kastala og hefur Ós alltaf stutt leikskólann á Höfn gegnum árin. Árlega eru tíu bágstaddir fjölskyldur styrktar í kringum jólin og nýttist hluti af jólatréssölunni í það. Þá hefur Ós styrkt grunnskólann og framhaldsskólann með veglegum gjöfum.

Heilbrigðisþjónustan hefur fengið sinn hluta af söfnunarfé til tækjakaupa og ýmsar safnanir til hjálpar langveikum börnum hafa fengið sinn skerf. Það er von okkar að páskabingíóid gangi vel svo hægt sé að styrkja nærsamfélagið.

Kiwanis er með landsverkefni á hverju ári en það er hjálmaverkefnið til sex ára

barna og verður hjálmaafhengingin í ár í Hafnarskóla þann 29. apríl. Enn fremur er K-dagurinn haldinn á þriggja ára fresti með sölu K-lykils eða merki. Að þessu sinni mun Korfuboltadeild Sindra ganga í hús á Höfn og Nesjum til að selja. Kiwanisfélagar verða í Miðbæ dagana 3. – 5. maí með sölu á K-dags merkjum og vonumst við eftir að sölufólki verði vel tekið en sölutímabilið er á milli 1. – 10. maí.

Þá má að lokum geta þess að það stendur til að stofna kvennaklúbb hér á Höfn. Kynningafundur verður auglýstur í haust og það væri gaman að sjá öflugan kvennaklúbb á Höfn. Hægt er að vera með því að senda póst á [osformulan@kiwanis.is](mailto:osformulan@kiwanis.is) til að vera með frá byrjun.

Gleðilega páska  
Stjórn Kiwanisklúbbsins Ós



Pétur Bragason forseti Óss afhenti Eypóri K. Einarssyni umdæmisstjóra forlata bréfahnið sem þakklætisvott fyrir gott erindi um hjálparstarf Kiwanis.

## Áhrif neyslu okkar á loftslagið

Þó við búum vel að eiga hreina orku eru innkaup á neysluvörum sá þáttur heimilishaldsins sem hefur hvað mest gróðurhúsaáhrif. Flestar okkar vörur eru framleiddar erlendis og fluttar langar leiðir. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna þessa eru mikil og áhrifin eru hnattræn, og á okkar ábyrgð.

Breytt og bætt hegðun neytenda er lykilþáttur í sjálfbærari framtíð. Huga þarf að hringrás auðlinda og hætta að henda verðmætum. Draga þarf úr neyslu, endurnýta betur og endurvinna

allt sem hægt er. Á vef umhverfissudurland.is má finna hagnýtar upplýsingar um hvernig megi huga að loftslaginu með aðgerðum á heimilinu. Einnig hvetjum við alla til að fylgjast með sjónvarpsseríunni Hvað höfum við gert? á RÚV undir stjórn stjörnu-Sævars öll sunnudagskvöld þar sem fjallað er um loftlagsmál á mannamáli. Við hvetjum Sunnlendinga til að deila sínum umhverfisvænu hugmyndum á [#umhverfissudurland](https://www.instagram.com/umhverfissudurland)



**Athugið að ekki kemur út blað þann 25. apríl.  
Næsta blað kemur út fimmtudaginn 2. maí**

## Helgihald um páska

Skírdagur 18. apríl

Hafnarkirkja kl. 11:00 - Fermd verða sex börn  
Stafafellskirkja kl. 13:00 - Fermt verður eitt barn

Föstudagurinn langi 19. apríl

Hafnarkirkja kl. 14:00 - Tignun krossins

Laugardagurinn fyrir páska 20. apríl

Hafnarkirkja kl. 11:00 - Fermd verða sex börn  
Brunnhólskirkja kl. 13:30 - Fermt verður eitt barn

Páskadagur 21. apríl

Hafnarkirkja kl. 9:00 - Hátíðarguðsþjónusta  
Skjólgarður kl. 11:00 - Hátíðarguðsþjónusta  
Bjarnaneskirkja kl. 14:00 - Hátíðarguðsþjónusta



Sjá nánar á <http://www.bjarnanesprestakalli.is>

## Páskabingó Kiwanis

Kiwanisklúbburinn Ós heldur páskabingó, **laugardaginn 20. apríl kl 14.00** í Sindrabæ. Spilaðar eru 10 umferðir og kostar spjaldið 1.000 kr.

Styrkjum Styrktarsjóð Kiwanisklúbbsins Óss



## Fermingarbörn í

### Bjarnanesprestakalli 2019

**Skírdagur 18. apríl**

Hafnarkirkja kl. 11:00

Adam Andree D. C. Hilmarsson  
Arnar Hrafn Ólafsson  
Siggeður Egla Hjaltadóttir  
Þóra Lind Ásmundsdóttir  
Anita Rannveig Eymundsdóttir  
Freyr Sigurðsson

Silfurbraut 8  
Kirkjubraut 32  
Mánabraut 6  
Ránarslóð 8  
Silfurbraut 42  
Sunnubraut 5

Stafafellskirkja kl. 13:00

Karen Rós Torfadóttir

Silfurbraut 4

**Laugardagur fyrir páska 20. apríl**

Hafnarkirkja kl. 11:00

Andrea Sól Sigurðardóttir  
Aron Freyr Borgarsson  
Elísabet Guðmundsdóttir  
Lilja Dögg Einarsdóttir  
Ólöf Auður Ingólfssdóttir  
Hermann Bjarni Sæmundsson

Garðsbrún 1  
Holtsenda  
Júllatúni 9  
Miðtúni 24  
Fákaleiru 6a  
Álaleiru 13b

Brunnhólskirkja kl. 13:30

Sóley Dröfn Ingibjargardóttir

Borg

**Hvítasunnudagur 9. júní**

Bjarnaneskirkja kl. 11:00

Anna Lára Grétarsdóttir

Smárabraut 12

Hafnarkirkja kl. 13:00

Hafdís Ósk Harðardóttir  
Laufey Ósk Hafsteinsdóttir

Hafnarbraut 31  
Bogaslóð 6

Stafafellskirkja kl. 15:00

Guðmundur Jón Þórðarson

Smárabraut 21

**Sunnudagur 16. júní**

Kálfaellsstaðarkirkja kl. 12:00

Valgeir Gestur Eysteinnsson

Skólavegur 70



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ríttjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarfalestur .... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

## Slysavarnarfélagið Framtíðin

verður með kaffisölu Sumardaginn fyrsta þann **25. apríl** á milli kl. **14:00 - 17:00**

Kaffi kostar 2.000 kr. fyrir 12 ára og eldri og 500 kr. fyrir 6-12 ára

*Athugið að ekki er tekið við kortum.*





# 10 ára afmæli Sundlaugar Hafnar

Sundlaug Hafnar fagnar 10 ára afmæli sínu á sumardaginn fyrsta, 25. apríl. Viljum við, starfsmenn sundlaugarinnar, bjóða bæjarbúum, nærsveitungum og að sjálfsgöðu ferðamönnum í afmælisveislu til að marka þessi tímamót. Afmælisveislan byrjar kl. 10:00 fimmtudaginn 25. apríl og stendur til kl. 17:00. Allir fá frítt í sund þar sem gestum er boðið uppá kaffi og köku og djús fyrir börnin. Þá mun fara fram opnun á ljósmyndasýningu eftir Hornfirðinginn Atla Scheving þar sem þema sýningarinnar eru jöklar og náttúra Hornafjarðar. Börnin munu skemmta sér í sundlaugararðinum eins og ávallt en þennan dag munu þau einnig geta notið hoppukastala sem komið verður fyrir í sundlaugararðinum.

Sundlaug Hafnar var tekin í notkun í nýjum húsakynnum í apríl 2009. 25x8,5 metra sundlaug, gufubað, vaðlaug fyrir börnin sem er þó jafn vinsæl hjá fullorðnum, tveir heitir pottar og nú á dögum var tekin í notkun nýr kaldur pottur sem nýtur mikilla vinsælda. Sundlaugin er við aðalgötu bæjarins þar sem ferðamenn koma auga á rennibrautir sundlaugarinnar og koma iðulega í heimsókn einungis til að skoða hvað sundlaugin hefur uppá að bjóða. Algengt er að ferðamenn reki upp stór augu þegar þeir sjá út um glerveggina þessar fallegu laugar og rennibrautir í þessum litla bæ, og algengt er að ákvörðun um að skella sér í sund gerist þar á staðnum. Einnig er algengt að ferðamenn haldi að bygging sundlaugarinnar sé upplýsingamiðstöð. Orðspor Sundlaugar Hafnar skiptir okkur miklu máli. Lagt er mikið uppúr því að hlusta á fastakúmna og erlenda gesti og bregðast við ef eitthvað má



betur fara. Í vetur var farið í endurbætur á heitapottum sundlaugarinnar þar sem erfitt var að halda uppi hita í þeim á köldustu dögum vetrarins. Var einnig byggður nýr pottur sem leysti af kalda karið þegar augljóst var að vinsældir þess var að aukast. Vaðlaugin er án efa með bestu vaðlaugum á landinu þar sem litil börn geta buslað með foreldrum sínum og eldra fólk getur dottað og sólað sig á góðviðrisdögum. Gert er ráð fyrir að fara í endurbætur á vaðlauginni næsta haust. Sundiðkun er rík í sögu Íslendinga og er sundlaugin okkar partur af lífi margra Hornfirðinga. Margir heimamenn telja Sundlaug Hafnar hafa það fram yfir aðrar sundlaugar hve hlý og notaleg hún er. Það eru hiti í gólfum og engir opnir gluggar í búningasklefnum eða

gegnumtrekkur.

Án efa spilar Tripadvisor stórt hlutverk í vinsældum sundlaugarinnar. Þar nota notendur kommentakerfi síðunnar og gefa fyrirtækjum einkunn eftir því hvernig upplifun notenda er og hvort fyrirtæki uppfylli væntingar þeirra. Sundlaug Hafnar er í efsta sæti í flokknum afþreyingarfyrirtæki á svæðinu. Flestar umsagnir eru jákvæðar þar sem rauði þráðurinn er hve falleg sundlaugin er, hve hreint allt er, starfsfólk sé vinalegt, hvað margt er í boði og að verðið sé mjög sanngjarnt. Erum við mjög stolt af þessum árangri og leitumst við að gera enn betur í framtíðinni.

*Með afmæliskeðjum  
Starfsfólk Sundlaugar Hafnar*

## Aðalfundur

Sláturfélagið Búi svf. boðar til aðalfundar félagsins þann **30. apríl n.k. í Mánagarði kl. 20:00**

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum, um kl. 21:00, verður haldinn opinn fundur um framtíðarmöguleika í rekstri sláturhússins á Höfn.

Gestir fundarins verða þau Finnboji Magnússon, stjórnarformaður Landbúnaðarklasans og Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri, sem flytja framsöguerindi, en að þeim loknum verða almennar umræður.

Fundurinn er opinn öllum.

*Stjórn Sláturfélagsins Búa svf.*



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

**Tímabundin niðurfelling á gatnagerðargjöldum fellur niður þann 9. maí.**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl að framlengja ekki reglur um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum. Eftir 9. maí 2019 mun gjaldskrá embættis byggingar- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar gilda við úthlutun lóða í sveitarfélaginu.

*Matthildur Ásmundardóttir  
bæjarstjóri*

# Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu

Umhverfissamtök Austur Skaftafellssýslu voru stofnuð 22. nóvember 2017. Markmið samtakanna er að stuðla að umhverfivænni lífsstíl meðal íbúa á svæðinu. Hluti af því felst í að hvetja fólk til að huga að nærumhverfi og ganga vel um það. Þessi hvatning hefur að hluta til falist í því að vekja athygli bæjarbúa á rusli sem finnst víða innan sveitarfélagsins og hafa samtökin bæði staðið fyrir strandhreinunum og tölti með tilgangi þar sem gengið er um bæinn og rusli safnað saman. Samtökin hafa tekið virkan þátt í Hafnarhittingum þar sem gestir hafa fengið fræðslu um umhverfismál og fengið tækifæri á að gera sjálf umhverfisvænt þvottaefni.

Árið 2018 stóðu Umhverfissamtökin fyrir ýmsum viðburðum. Þrjár sýningar voru tölt með tilgangi þar sem meðlimir samtakanna og íbúar gengu saman um bæinn og tíndu rusl af götum og úr runnum bæjarins. Um vorið var haldinn kynningarfundur um félagslandbúnað og í desember buðu svo samtökin upp á námskeið í vistvænu jólaföndri með Eyrúnu Axels. Einnig tóku samtökin þátt í nokkrum sameiginlegum viðburðum á árinu,

þremur Hafnarhittingum og Fristundardegi í Nýheimum.

Þann 5. maí 2018 tókum við þátt í Norræna strandhreinunardeginum og töltum með tilgangi um Óslandið og fjörurnar í kring. Um 30 sjálfbóðaliðar mættu til leiks og létu rigningu og rok ekki stoppa sig í ruslatínlunni. Í lok hreinsunnar voru grillaðar pylsur fyrir þátttakendur í boði Nettó.

Um miðjan september héldum við upp á Alheimshreinsunardaginn með stórum tölt með tilgangi viðburði á Höfn. Hátt í 40 sjálfbóðaliðar sem gengu um nær allar götur bæjarins og tíndu rusl, en af nægu var að taka. Að töltinu loknu voru grillaðir hamborgarar í boði sveitarfélagsins.

Við viljum þakka öllum sem tekið hafa þátt í viðburðum okkar fyrir þátttökuna, sem og þeim sem styrktu viðburði samtakanna.

Að lokum viljum við svo minna á strandhreinun á Suðurfjörum laugardaginn 4. maí n.k. Þá göngum við Suðurfjörurnar, frá Hólmsá og austur eftir, alls um 12 km. Við viljum hvetja alla þá sem hafa tök á því að aðstoða okkur, hvort sem það er að koma og



Rusl sem safnað var saman á Alheimshreinsunardeginum á Höfn

tína rusl eða koma með stærra tæki, traktora eða kerrur, til þess að hafa samband við okkur.

Hægt er að hafa samband við okkur í gegnum Facebook síðu samtakanna eða á [umhverfisaskaft@gmail.com](mailto:umhverfisaskaft@gmail.com)

## Spennandi störf hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

### MANNAUÐS- OG GÆÐASTJÓRI

Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannauðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu.

Upplýsingar og umsókn

[capacent.com/s/13xxx](http://capacent.com/s/13xxx)

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á framkvæmd, þróun og eftirfylgni mannauðs- og jafnréttisstefnu
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag
- Innleiðing og eftirfylgni jafnlaunastaðals
- Mótun, innleiðing og eftirfylgni gæðakerfis
- Vinna úr upplýsingum og lykiltölum til að meta árangur af gæðastarfi
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur varðandi mannauðs- og gæðamál
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf til starfsmanna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála kostur
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum
- Reynsla af stjórnun, breytingastjórnun og stefnumótunarvinnu
- Leiðtogaþæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Lipurð, samstarfsvilji og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum og fræðslu
- Þekking og reynsla af kjaramálum, kostur ef úr umhverfi sveitarfélaga
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni

### FÉLAGSMÁLASTJÓRI

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á framkvæmd almennrar og sértækrar félagsþjónustu í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Starfið felur m.a. í sér vinnu við stefnumótun og áætlanir í þeim málaflokkum, sem undir hann heyrir. Starfið er fjölbreytt og krefst viðtækrar þekkingar á lögum og reglum.

Upplýsingar og umsókn

[capacent.com/s/13xxx](http://capacent.com/s/13xxx)

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Fagleg forysta í málefnum félagsþjónustunnar, þróun hennar og stefnumótun
- Dagleg stjórnun og rekstur
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samningagerð
- Undirbúningur og eftirfylgni með fundum nefnda
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, ráðuneyti og aðra hagsmunaaðila

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði félagsráðgjafar eða önnur menntun sem hentar í starfið. Meistaragráða æskileg.
- Reynsla af stjórnun úr sambærilegu umhverfi
- Þekking og reynsla af starfsemi félagsþjónustu sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu
- Ríkir leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Mikill styrkur í mannlegum samskiptum
- Metnaður, útsjónarsemi og fagmannleg vinnubrögð

Nánari upplýsingar um störfín má finna á heimasíðu Capacent.



Á Hornafirði búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Starfsmannaföldi er 260 og einkunnarorð sveitarfélagsins eru samvinna – metnaður – heiðarleiki. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

Umsóknarfrestur

**28. apríl**



# Humarhátíð 2019 - hátíðin okkar allra!



Hljómsveitin Karpét spilaði fyrir dansi á síðustu hátíð

Nú hefur Humarhátíðarnefnd 2019 formlega tekið til starfa en hana skipa fulltrúar nefndarinnar frá í fyrra með smá afföllum. Stefnum við að góðri hátíð með sama sniði og í fyrra en það er ekki hægt að gera án ykkar, kærar Hornfirðingar. Viljum við helst hafa heimamenn í hverju horni, hvort sem er á sviði, í matsölu, með uppákomur, gæslu, fjáraflanir félagasamtaka eða hvað eina. Okkar von er að dagskráin verði sett saman að mestu af heimafólki enda slógu Hornfirðingar í gegn í fyrra og þökkum við kærlega fyrir þátttökuna.

Allir Hornfirðingar hafa skoðun á hvernig hátíðin á að vera og því er tilvalið að hjálpa til við að gera hana sem glæsilegasta, margar hendur vinna létt verk. Koma með athugasemdir til okkar, stínga upp á atriðum eða koma með atriði sjálf. Fara í geymsluna og finna skemmtilegan búning fyrir gönguna á föstudeginum, smíða kassabil nú eða elda súpu.



Fjöldmenn á barnaskemmtuninni í fyrra

Í Humarhátíðarnefnd 2019 eru Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Jónína Kristín Ágústsdóttir, Kristín G. Gestsdóttir, Kristín Vala Prastardóttir og Steinunn Hödd Harðardóttir. Munum við leggja okkur allar fram um að halda jafn flotta hátíð og í fyrra, allt starf okkar er gert með það að markmiði að halda flotta hátíð með Hornfirðingum, fyrir Hornfirðinga, sem við getum öll verið stolt af.

Allir áhugasamir um þátttöku eru hvattir til að hafa samband við nefndarmenn, hægt er að senda facebook skilaboð á Humarhátíðarsíðuna eða tölvupóst á netfangið [humarhatidarnefnd@gmail.com](mailto:humarhatidarnefnd@gmail.com)

Karلاكórinn Jökull  
2019

Sumardaginn fyrsta  
25. apríl kl. 16  
**Hafnarkirkja**  
Laugardaginn  
27. apríl kl. 17  
**Hofgarður Öræfum**

**Ó  
blessuð  
vertu  
sumarsól**

Stjórnandi: Jóhann Morávek  
Undirleikur: Guðlaug Hestnes

**Vortónleikar Karلاكórsins Jökuls**  
Miðar seldir við innganginn  
3.000 kr, engin kort, en hægt að greiða með  
sedlum og leggja inn á reikning

**Manstu eftir taupokanum?**

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

**SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA**  
Prívíddargrafík,  
umbrot og auglýsingagerð.  
Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)  
eða í síma 848-3933.

upplausn  
creative media



## SUNDLAUG HORNAFJARÐAR PÁSKAR

### Opnunartími um páskana hjá Sundlaug Hornafjarðar:

Fimmtudagur, skírdagur	10:00 – 17:00
Föstudagurinn langi	<b>LOKAÐ - CLOSED</b>
Laugardagur,	10:00 – 17:00
Sunnudagur, Páskadagur	<b>LOKAÐ - CLOSED</b>
Mánudagur, Annar í páskum	10:00 – 17:00

Gleðilega páska  
Starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

# Samgönguumbætur á vegarkafnanum frá Lónsafleggjara að mynni Almannaskarðsganga

Opið bréf til bæjarstjórnar Hornafjarðar, Vegagerðarinnar og samgönguráðherra.

Greinarhöfundur er búsettur í Lóni og sækir vinnu á Hornafjörð. Hann ekur daglega vegarspottann frá Lónsafleggjara að Almannaskarðsgöngum á háannatíma, það er, milli klukkan fimm og sex síðdegis. Eins og ykkur er eflaust kunnugt um, kæru sveitingar, er öllu jafna mikil umferð, allt að því öngþveiti, á þeim tíma dags. Meðalhraðinn á umræddum vegarkafna er níutíu kílómetrar á klukkustund, líkt og lög gera ráð fyrir, en í mestu örtröðinni, þegar bílaflokkur hlykkjast einsog járnhreistraður snákur eftir sjávarsíðunni, getur meðalhraðinn lækkað niður í allt að 77 kílómetra hraða, með tilheyrandi tímatilkostnaði, umfram kyrrsetu og almennri frústrasjón. Núverandi ástand er því í aðra röndina lýðheilsuvandamál. Greinarhöfundur leggur því til þrjár málefnalegar og hófstílltar tillögur sem ættu að ráða bót að þessu hvítleiða vandamáli.

1. Óbrotnar línur verði afmáðar af títtnefndum vegarslóða og hámarkshraði lagður af. Sjái Vegagerðin sér ekki fært um að verða við þeirri ósk leggur greinarhöfundur til að -
2. Gamli vegurinn yfir Almannaskarð verði tekin aftur í notkun og umferð veitt um hann á háannatíma til að greiða fyrir trafíkinni.
3. Sett verði upp bómuhlið við Lónsafleggjarann og bifreiðum verði hleypt í gegn í hollum. Fjórar bifreiðar í einu á sirka 12-16 mínútna fresti myndi liðka umtalsvert fyrir umferðinni.

Að endingu vill greinarhöfundur senda boltann til Sigurðar Páls Árnasonar, framhaldsskólakennara, en hann hefur mjög sterkar, og leyfi ég mér að fullyrða róttækar skoðanir á fráveitumálum sýslunnar.

Höfundur er búsettur í Lóni

# Hreinsunardagar:

## Hreint umhverfi - gott mannlíf !

### Hreinsunardagar verða 23. apríl til 26. apríl

Íbúar eru hvattir til að taka vel til í kringum hús sín og nærumhverfi á Höfn og Nesjahverfi.

Fyrirtæki eru hvött til að taka vel til við fyrirtæki sín og á lóðum, á ekki síður við um geymslulódir.

Bændur eru hvattir til að hreinsa plast úr girðingum sínum.

Þessa daga verða strákarnir í Áhaldahúsinu að hirða upp rusl sem fólk gengur frá á aðgengilegum stað við lóðarmörk, ef magnið er mikið, hafið samband í síma 895-1473 (Skúli)

### Hreinsunardagar í sveitum

Brotajárn, rafgeymar og önnur spilliefni verða hirt frá 23.-26. apríl. Mikilvægt er að koma úrgangi fyrir á áberandi stöðum, stærra brotajárn skal koma fyrir þar sem vörubíll kemst að.

### Hreinsunardagar í sveitum:

Lón og Nes	þriðjudaginn 23. apríl.
Mýrar	miðvikudaginn 24. apríl.
Suðursveit og Örafi	föstudaginn 26. apríl.

Bændur eru beðnir um að tilkynna daginn áður ef óskað er eftir því að náð sé í spilliefni. Tilkynnið tímanlega ef fjarlægja á brotajárn í s. 895-1473 eða á skuli@hornafjordur.is

**Aðeins verður náð í spilliefni ofangreinda daga og brotajárn verður aðeins sótt þessa viku.**

*Fegrum umhverfið fyrir sumarkomu.*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**